



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Skipulagssvið  
Akureyrarbær  
Geislagata 9  
600 Akureyri

Akureyri, 24. ágúst 2021  
MÍ202108-0068/ 6.09 / S.G.

## Umsögn um deiliskipulag við athafnasvæði við Súluveg og Miðhúsaveg

Með tölvupósti sendum 23. ágúst 2021 óskaði Pétur Ingi Haraldsson skipulagstjóri Akureyrarbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna vinnu við deiliskipulag við athafnasvæði við Súluveg og Miðhúsaveg dagsett 18. júní 2021.

Svæðið afmarkast af Súluvegi, Miðhúsabraut, Miðhúsaklöppum og golfvelli Akureyrar. Svæðið er um 6,38 ha að stærð. Meirihluti svæðisins er lóð Vegagerðarinnar, en sunnan við lóð Vegagerðarinnar eru tvær lóðir við Miðhúsaveg. Svæðið í kring eru klappir og skógi vaxið. Nyrst á svæðinu er grastún við gatnamót Miðhúsabraut og Súluveg.

Fornleifaskráning fyrir svæðið uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu en engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit. Minjavörður kannaði einnig svæðið á vettvangi þann 24 ágúst. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugað skipulag, tillaga að deiliskipulagi þarf að koma til umsagnar stofnunarinnar.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

*Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.*

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:*  
Skipulagsstofnun